


Sýnir skemmtu
frá HMK og SHS



AFSTÖÐUMYND, M 1:500

Byggingarlýsing.

Sótt er um að byggja nýtt verslunarhúsið úr steinsteypu við Norðurhella 11. Lnr. 204724, stgr. 1660 0260

Gólf:
Gólfplötur eru steypar, gólfplata neðri hæðar og sökkull eru einangruð með 75 mm einangrun.

Útveggir:
Útveggir eru byggðir úr steinsteypu, ýmist einangraðir að innan eða utan efnir aðstæðum, eins og kemur fram á uppráttum. Þar sem útveggir eru einangraðir að utan verða þeir klæddir álplötum í ljósgráum lit. Þeir veggir sem eru einangraðir að innan verða steinaðir að utan í ljósgráum lit. Gífsplötur og rakapétillag á lagnagrind að innan aða múrhlöður.

Þak:
Þak vörumóttöku verður klætt með pappa sem kemur ofan á 200 mm steinullar einangru, þar sem amk 50mm efsta lagið verður úr þéttull. Þakið verður borið uppi af limtrésperrum sem bera trapissuformaðar stálpötur sem steinullareinanfrumun kemur ofan á. Klædd að innan með gífsi yfir rakapétillagi. Þak yfir skrifstofu/verslun verður "viðsnúð" með 300 mm vatnsheldri frauðplasteinangrun ofan á vatnsheldum dúk, haldið fastri með lagi af steypum hellum.

Innveggir:
Innveggir eru léttir timbur- eða blikkgrindarveggir, klæddir gífsplötum.

Gluggar:
Gluggar eru smíðaðir úr ál/imbri í samræmi við gildandi staðla. Gler er tvöfalt K-gler eða sambærilegt. Þar sem björgunarpönd eru í gluggum er ljósmál opsins 60 x 90 cm. eða meira.

Brunavarnir:
Byggingin er í notkunarflokki 2. Hvor hæð er aðskilið brunahólf. Brunahólfun er með EI 60 vegg, EI2 30-CSm hurð og REI 60 hæðaskilum. Þak yfir lægri hluta er REI 60. Hlökkurými fyrir lyftara er brunahólf EI 60 með EI2 30-CSm hurð. Megin burðarvirki eru R 60. Klæðningar í lofti og veggjum innanhúss verða í flokki 1 (B-s1, d0 skv. ÍST EN 13501-1). Útveggir eru steinsteypir með ytra yfirborð í flokki 1.

Þakklæðning í flokki T (B(root)) (t2) skv. ÍST EN 13501-5).
Flóttaleiðir af 2. hæð eru tver, önnur um stiga niður og út um anddyri, hin um björgunarpönd út á þaksvallir. Þrjár flóttaleiðir eru af neðri hæð skv. teikningu. Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaleið (innan frá) án lykils eða verkfæra. Hurðir í flóttaleið frá sýningarsal og hurðir í anddyri skulu hafa neyðarhúsn skv. ÍST EN 179.

Í byggingunni verða Út-ljós og neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838, ÍST EN 50172
Brunaviðvörðunarkerfi skv. ÍST EN 54 tengt vaktstöð verður í allri byggingunni. Stjórnskið kerfisins verður í anddyri stigahúss. Brunaslöngur verða á báðum hæðum og nái um allt húsið. Handslökkvitæki skv. ÍST EN 3 verða staðsett í samráði við slökkvilið.

Gerður verður þjónustusamningur um eftirlit og viðhald á brunaviðvörðunarkerfi, neyðarlýsingu og handslökkvitæki. Setja skal upp eigið eldvæmefirlitakerfi fyrir bygginguna. Breytingar á brunavörnum skulu hljóta samþykki viðeigandi yfirvalda.

Upphitun og lagnir:
Húsið er hitað með hitaveitu, lagnir eru lagðar í lagnagrind á útvegg, í innveggi og undir gólf efnir aðstæðum. Lokuð rými verða loftræst, ýmist á vélrænan eða náttúrulegan hátt efnir aðstæðum.

Lóð:
Lóð er að mestu óbreytt frá því sem nú er, nema hún er aðlöguð breytingum á húsinu efnir því sem við á.

Leitast verður við að halda í náttúrulegar hraunmyndanir þar sem því verður viðkomandi, og sjónræn áhrif af sorpgeymslu dempuð með gróðri.

Bilastæðabókhald:
Á uppráttum eru sýnd 24 bilastæði á lóð. Í húsinu verður 605,4 verslunar og skrifstofuhúsnæði. Bilastæðabörf er 1 stæði á hverja 30 fermetrastæði fyrir skrifstofu/verslun. Bilastæðabörf fyrir húsið er því 21 stæði. Á uppráttum eru sýnd 24 stæði.

Athugi:
Í samræmi við 1. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er byggingin undanþegin ákvæðum 6.-16. hluta reglugerðarinnar, þar sem byggingin var hönnuð í gildistíð eldri byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og hönnun byggingarinnar lokið við gildistöku nýrrar byggingarreglugerðar frá 8. febrúar 2012. Gilda því ákvæði eldri byggingarreglugerðar nr. 441/1998 um þá þætti sem um ræðir, að því leyti sem slíkt samræmist ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010. Heimild þessi fellur niður efnir byggingarleyfi hefur ekki verið gefið út fyrir 1. janúar 2013. Efnir þann tíma skal fylgt ákvæðum nýrrar byggingarreglugerðar nr. 112/2012 við hönnun byggingarinnar og skulu þá nýjir uppdrettir, byggðir á ákvæðum reglugerðar nr. 112/2012, lagðir fyrir leyfisveitanda til samþykktar.

Þeir þættir sem um er að ræða eru aðgengismál fátalaðra, grein 6.1.2 (Almennt um algilda hönnun), grein 6.4.3 (hæð hurða), grein 6.4.4 (gangar), grein 6.4.13 (frágangur lyfta), grein 6.6.1, grein 6.8.3 a, grein 6.10.3, grein 6.10.1 a og f og einangrunarkröfur í grein 13.2.2-13.3.3 nýrrar reglugerðar.

Einangrunarkröfur skv. eldri reglugerð koma fram í töflu sem sjá má hér fyrir neðan:

Helstu stærðir:	
Rúmmál húss:	13.599,6 m2
Flatarmál húss:	605,4 m2
Stærð lóðar:	2139,4 m2
Nýtingarhlutfall:	0,28
U-gildi einstakra byggingarhluta er sem hér segir:	W/m2K
Þak	0,2
Útveggir	0,4
Gluggar (karnar, vegið meðaltalgler, K-gler)	2,0
Hurðir	3,0
Gólf	0,3
Útveggir, vegið meðaltal (veggfl., gluggar og hurðir)	0,85



Fr
HEILBRIGÐISEFTIRLIT'S
HAFNARFIJARDAR-
STOFNUN
Gardagógi 7 · 210 Gardabæ
Kári Stefánsson

BREYTINGAR:		
NR.	DAGS	BREYTING

TEIKNING.IS
arkitektúr og umhverfi

Gunnlaugur Jónsson kt. 090462 2299
Pálmar Halldórsson kt. 140860 2639

Krökkhals 5, 110 Reykjavík
gsm: 824 4555 / 691 1301

netfang: teikning@teikning.is

VERK: Norðurhella 11, Hafnarfirði

UNNIÐ FYRIR: Alexander Ólafsson ehf

TEIKNING: AFSTÖÐUMYND OG RYGGINGARIÝSING

KVARDI: 1:500

DAGS: 20.10.2012

TEIKNAD AF: GJ

TEIKNING NR: 121301